

Fjárlaganefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2023.
Tilv.: 1808004

Efni: Umsögn um fjárlagafrumvarp

- Samkeppniseftirlitið vísar til erindis fjárlaganefndar, dags. 6. nóvember sl., þar sem óskað var umsagnar við frumvarp til laga um fjárlög 2024, 1. mál. Viðbótarfrestur var veittur til að skila umsögninni.
- Fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp gerir ráð fyrir því að Samkeppniseftirlitið sæti umtalsverðu aðhaldi, sem hefur í för með sér að eftirlitið muni þurfa að draga úr starfsemi sinni á næsta ári.
- Í umsögn Samkeppniseftirlitsins til fjárlaganefndar vegna þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun 2024-2028, dags. 25. apríl sl., kemur m.a. fram að Samkeppniseftirlitið hafi ítrekað vakið athygli stjórnvalda á þeim þrönga stakk sem því sé skorinn til þess að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Hafi eftirlitið um langa hríð bent á að það hafi þurft að forgangsráða verkefnum og hafi af þeim sökum átt í erfiðleikum með að uppfylla lögbundið hlutverk sitt. Í umsögninni eru rakin verkefnasvið sem nauðsynlegt sé að styrkja.¹
- Í tengslum við mótun á áherslum Samkeppniseftirlitsins fyrir árin 2024-2026 vann eftirlitið ítarlegri greiningu á því rekstrarsvigrúmi sem það býr við, starfsmannabörf miðað við lögbundin verkefni stofnunarinnar og þróun fjárheimilda í samanburði við verkefnaumfang, sem eðli máls samkvæmt helgast fyrst og fremst af þróun og umfangi atvinnulífs á Íslandi sem og hinu opinbera.
- Meðfylgjandi er minnisblað, *Fjárheimildir Samkeppniseftirlitsins, þarfagreining og þróun*, dags. 14. nóvember sl., þar sem fjallað er um greininguna og niðurstöður hennar. Þar kemur eftirfarandi m.a. fram:
 - Í kafla 1 er gerð grein fyrir fjölda ársverka, flokkað eftir meginverkefnum árin 2019-2022. Meðal annars kemur eftirfarandi fram:
 - Vegna forgangsröðunar verkefna hefur Samkeppniseftirlitið í hverfandi mæli getað sinnt rannsóknum á mögulegri misnotkun á markaðsráðandi stöðu og opinberum samkeppnishindrunum.
 - Ekkert svigrúm hefur verið til að sinna markaðsrannsóknum og sjálfstæðum athugunum á stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi.

¹ Í umsögninni er jafnframt fjallað um áhrif mögulegra sameininga eða samstarfs við aðrar stofnanir og samhengi við samkeppni og samkeppnisaðstæður á Íslandi.



- Forgangsröðun verkefna ræðst að miklu leyti af lögum. Þannig lúta athuganir á samrunum lögbundnum tímafrestum. Greiningin gefur til kynna að orðið hafi varanleg breyting á umfangi samrunamála yfir lengra tímabil, vegna fleiri umfangsmikilla samrunamála og aukinnar áherslu á hagfræðilega greiningu samruna, til samræmis við alþjóðlega þróun.
- Vísbindingar um brot á samkeppnislögum njóta forgangs fram yfir önnur verkefni, sem m.a. leiðir af því hlutverki eftirlitsins að framkvæma samkeppnisreglur EES-samningsins.
- **Í kafla 2** er fjallað um þróun fjárframlaga til Samkeppniseftirlitsins í breyttu samkeppnisumhverfi. Meðal annars kemur eftirfarandi fram:
 - Við undirbúning að stofnun Samkeppniseftirlitsins á árinu 2005 var gert ráð fyrir að hjá eftirlitinu myndu starfa um 23 starfsmenn, en ársverk til ráðstöfunar eru um 26 á yfirstandandi ári.
 - Fjárheimildir Samkeppniseftirlitsins hafa ekki þróast í takt við undirliggjandi raunkostnað.
 - Því fer fjarri að fjárheimildir til eftirlitsins hafi þróast í takt við þróun atvinnulífsins og aukin verkefni sem því fylgja.

Birtur er samanburður á þróun fjárheimilda á árunum 2014-2024 (sbr. fjárlagafrumvarpið) og nokkrum lykilstærðum í þessu sambandi.

- **Í kafla 3** er fjallað um þróun samkeppniseftirlits í nágrannalöndum.
 - Fyrir liggur að flest ríki heims hafa dregið þann lærdóm af efnahagsaðstæðum síðustu missera að stuðla beri að virkari samkeppni á fjölbreyttum sviðum atvinnulífs. Það sé til lengri tíma til þess fallið að stuðla að heilbrigðu og stöðugu efnahagslífi þjóða og þar á meðal vinna til lengri tíma gegn verðbólgu.
 - Rakin eru nokkur dæmi um styrkingu samkeppnisreglna, austan og vestan hafs, og aukningu fjárheimilda til samkeppniseftirlits, þ.á m. á Norðurlöndum.
 - **Í kafla 4** er sett fram rökstutt mat á mannaflapörf árin 2024 – 2026, sundurliðað eftir verkefnaflokkum. Byggir áætlunin á þeirri forsendu að Samkeppniseftirlitinu sé gert kleift að sinna lögbundnu hlutverki sínu og fylgja eftir settum áherslum.
 - Gerð er grein fyrir þeim verkefnaflokkum sem styrkja þarf.
 - Niðurstaða greiningarinnar er að Samkeppniseftirlitsins þurfi að hafa um 42 ársverk til ráðstöfunar til þess að það geti sinnt öllum lögbundnum skyldum sínum með fullnægjandi hætti.
6. Samkeppniseftirlitið fer þess á leit við fjárlaganefnd að tekið verði tillit til fyrrgreinds mats á mannaflapörf eftirlitsins við ákvörðun á fjárheimildum. Að mati Samkeppniseftirlitsins mæla engin rök með því að fjárheimildir verði lækkaðar, líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir, á sama tíma og fyrir liggur að eftirlitið hefur ekki þróast í takt við umfang verkefna og getur því ekki uppfyllt lögbundið hlutverk sitt með fullnægjandi hætti.
7. Þvert á móti er almennt viðurkennt að aðgerðir stjórnvalda sem miða að því að efla samkeppni eru rökrétt viðbrögð við efnahagsástandi síðustu missera og til þess fallnar að treysta



undirstöður efnahagslífsins. Aðgerðir stjórnvalda í mörgum nágrannalöndum miða að þessu. Fyrir liggur jafnframt að almennt er verulegur ábati af því að samkeppniseftirlit stöðvi samkeppnishindranir.

8. Í minnisblaðinu er sett fram áætlun um styrkingu eftirlitsins til næstu þriggja ára, séu ekki taldar forsendur til styrkingar í einu lagi.
9. Greiningin og áætlunin sett fram með vísan til c-liðar 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga, sbr. 18. gr. sömu laga, en eftirlitið hefur það hlutverk að benda stjórnvöldum á leiðir til að efla samkeppni. Miðast áætlunin við sama tímabil og gildandi áherslur stjórnar Samkeppniseftirlitsins. Þær eru jafnframt meðfylgjandi.
10. Samkeppniseftirlitið óskar eftir fundi með fjárlaganefnd til þess að fylgja umsögninni nánar úr hlaði.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Sveinn Agnarsson
stjórnarformaður

Páll Gunnar Pálsson
forstjóri